



# Viðmiðunarreglur við úthlutun á almennum íbúðum í eigu Skútustaðahrepps

## 1. gr. Skilyrði

Umsækjandi skal uppfylla eftirfarandi skilyrði til að umsókn sé tekin til greina:

- a) Fastráðning sem starfsmaður sveitarfélagsins.
- a) Staðfestning á ráðningu frá viðkomandi forstöðumanni sveitarfélagsins skal liggja fyrir.
- b) Umsækjandi skal vera starfsmaður sveitarfélagsins í a.m.k. 80% starfshlutfalli.
- c) Umsækjandi skal vera orðinn 20 ára á umsóknardegi.
- d) Umsækjandi skal færa lögheimili sitt í leiguíbúðina.
- e) Ef íbúð losnar og er til leigu en enginn umsækjandi sem er starfsmaður sveitarfélagsins sækir um er heimilt að leigja hana tímabundið á opnum leigumarkaði.

## 2. Forgangsröðun

Meginreglan er sú að notast er við eftirfarandi viðmið við forgangsröðun úthlutunar ef fleiri en ein umsókn berst um lausa íbúð:

- Störf stjórnenda.
- Menntun og starfsreynsla.
- Umsögn sveitarstjóra.

## 3. Afnot húsnæðis

Leigutaka er óheimilt að heimila öðrum afnot af hinu leigða húsnæði. Ákvæðinu er þó ekki ætlað að koma í veg fyrir að leigutaki heimili fjölskyldumeðlimum, s.s. foreldrum eða systkinum leigutaka, að dvelja í íbúð með sér til skemmri tíma.

Framleiga leiguhúsnæðis er með öllu óheimil. Verði leigutaki uppvís að því að framleigja leiguhúsnæði eða heimila öðrum afnot jafngildir það uppsögn leigusamnings.

Hunda- og kattahald er óheimilt í húsnæði sveitarfélagsins nema í undantekningartilfellum.

## 4. Ástand íbúðar

Úttekt á ástandi húsnæðis er gerð við upphaf og lok leigu. Í leigusamningi eru ákvæði um ástand hins leigða, úttektir, viðhald og umgengi.

Leigutaki ber óskipta bótaábyrgð gagnvart Skútustaðahreppi á allri rýrnun húsnæðisins eða spjöllum á því í samræmi við XIII. kafla húsaleigulaga nr. 36/1994. Skútustaðahreppur krefur leigutaka um greiðslu vegna tjóns sem unnið var á húsnæðinu á meðan á leigutíma stóð.

## 5. Úthlutun og leiguverð

Fylla skal út umsóknareyðublað til að sækja um að leigja húsnæði í eigu sveitarfélagsins.

Gera skal skriflegan leigusamning um leiguhúsnæðið.

Uppfylli umsækjandi ekki lengur þau skilyrði sem fram koma í 1. grein reglna þessara rennur leigusamningur sjálfkrafa úr gildi.

Starfsmaður og sveitarfélagið eru bundnir af samningi út leigutímabilið ef leigusamningurinn er tímabundinn. Sveitarfélagið getur þó sagt honum upp með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara, frá næstu



mánaðamótum að telja. Sveitarfélagið getur þó samþykkt skemmri fyrirvara séu sérstakar ástæður fyrir hendi, þó ekki skemmri en einn mánuð frá uppsögn.

Leiguverð tekur mið af ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni.

Sveitarstjórn ákveður úhlutun leiguhúsnæði í eigu sveitarfélagsins og getur leigt út til skemmri tíma ef þurfa þykir.

*Samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps 21. maí 2019.*